

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 144/2013**

2013/EES/64/13

frá 19. febrúar 2013

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vínfræðilegar  
vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi og á reglugerð (EB) nr. 436/2009 að því er  
varðar skráningu á þessum vinnsluaðferðum í fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár  
sem halda skal fyrir vingeirann (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) <sup>(1)</sup>, einkum 121. gr. (þriðju og fjórðu málsgrein), 185. gr. a, 185. gr. c (3. mgr.) og 192. gr. í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínrektar-afurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir í I. viðauka við þá reglugerð. Alþjóðavinstofnunin hefur breytt skilyrðum fyrir notkun tiltekinna, vínfræðilegra vinnsluaðferða sem þegar eru leyfðar í Evrópusambandinu. Til að veita framleiðendum innan ESB sömu möguleika og standa framleiðendum í þriðju löndum til boða skal breyta skilyrðum fyrir notkun þessara vínfræðilegu vinnsluaðferða í ESB á grundvelli þeirra notkunarskilyrða sem Alþjóðavinstofnunin skilgreinir.
- 2) Alþjóðavinstofnunin hefur samþykkt nýjar vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Til að gera framleiðendum innan ESB kleift að nýta sér nýju möguleikana sem standa framleiðendum í þriðju löndum til boða skulu þessar nýju vínfræðilegu vinnsluaðferðir leyfðar í ESB samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem Alþjóðavinstofnunin skilgreinir.
- 3) Í 10. viðbæti við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 eru kröfur sem varða fjarlægingu vínanda að hluta til úr víni. Hjá Alþjóðavinstofnuninni er hugtakið „leiðrétting á alkóhólinnihaldi víns“ komið í staðinn fyrir hugtakið „fjarlæging vínanda að hluta til úr víni“. Því ber að breyta textanum í viðbætinum. Í viðbætinum er einnig mælt fyrir um að aðildarríkin megi kveða á um að fjarlæging vínanda að hluta til úr víni sé háð tilkynningu til lögbærra yfirvalda. Til að sjá til þess að eftirlit sé skilvirkir skal tilgreina að þetta sé fyrirframtílkynning áður en meðhöndlun til fjarlægingar á vínanda hefst í raun.
- 4) Vín frá Ítalíu af tegundinni „aleatico“ sem hafa rétt til að bera vernduðu upprunatakununa „Pergola“ og

hefðbundna heitið „passito“ og vín frá Ungverjalandi með verndaða upprunatakun eða verndaða, landfræðilega merkingu sem heimilt er að beri heitið „jégbor“ hafa mjög mikið sykurinnihald og eru framleidd í litlu magni. Í því skyni að tryggja geymsluþol þessara vína hafa Ítalía og Ungverjaland farið fram á undanþágu varðandi hámarksinnihald brennisteinsdíoxíds. Heimila skal hámarksgildið 350 mg/l fyrir innihald brennisteinsdíoxíds í ítölsku vínunum og 400 mg/l í ungversku vínunum.

- 5) Koltvísýringur, sem ekki varð til við alkóhólgerjun í vínöguninni, kann að vera til staðar í freyðivínum vegna loftskipta sem eiga sér stað þegar koltvísýringur er notaður við átöppun með mótþrýstingi. Þessi loftskipti auka ekki koltvísýringsþrýstinginn og því skal ekki líta svo á að þessar afurðir séu loftblandaðar. Það skal koma skýrt fram að einungis megi samþykkja loftskipti með koltvísýringi frá alkóhólgerjun í vínöguninni sem óhjákvæmilega fylgja átöppun með mótþrýstingi.
- 6) Í samræmi við 120. gr. g í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 er í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009 kveðið á um tilteknar greiningaraðferðir, sem gera kleift að staðfesta samsetningu afurða í vingeiranum, og reglur, sem gera kleift að staðfesta hvort þessar afurðir hafi fengið meðhöndlun sem brýtur gegn leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum, í tilvikum þar sem Alþjóðavinstofnunin hefur ekki mælt með né heldur birt neinar aðferðir eða reglur. Alþjóðavinstofnunin hefur samþykkt tilteknar sérstakar aðferðir til að greina þrúgunusýkur (hreinsað þrúgunustþykki). Fella skal brott samsvarandi aðferðir er um sem stendur skráðar í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009.
- 7) Sérstök hættu er á að tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir séu notaðar á svíksamlegan hátt og skal það tilgreint í skránum og fylgiskjölnum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 frá 26. maí 2009 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar skrána yfir vínkrur, lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vínmarkaðinn, fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir vingeirann <sup>(3)</sup>. Í kröfum sem varða aðferðir, s.s. leiðréttingu á alkóhólinnihaldi víns, sýringarmeðhöndlun með plúsjónaskiptum og rafhimnumeðhöndlun, er tilgreint að færa skuli þessar aðferðir í skrárnar sem um getur hér að framan. Breyta skal reglunum um skrá

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15.

ingu, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 436/2009, til að taka tillit til breytinganna sem gerðar eru á reglugerð (EB) nr. 606/2009 með þessari reglugerð.

- 8) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 436/2009 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarsýslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 195. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1234/2007 og álit stjórnarnefndar sameiginlega markaðskerfisins fyrir landbúnaðarafurðir.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*1. gr.*

##### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 606/2009**

Reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka A er breytt í samræmi við textann í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum I. viðauka B er breytt í samræmi við textann í II. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við textann í III. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við textann í IV. viðauka við þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

*2. gr.*

##### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 436/2009**

Reglugerð (EB) nr. 436/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. mgr. 41. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað p-liðar komi eftirfarandi:

„p) meðhöndlun með rafskiljun eða með plúsjónaskiptum til að tryggja stöðgun vins með tilliti til vinsýrumagns eða sýringu með meðhöndlun með plúsjónaskiptum,“

b) Í stað s-liðar komi eftirfarandi:

„s) leiðréttingu á alkóhólinnihaldi vins,“

c) Eftirfarandi v-liður bætist við:

„v) sýringu eða afsýringu með rafhimnumeðhöndlun.“

- 2) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við textann í V. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

##### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

1) Tölfunni er breytt sem hér segir:

a) Í 10. línu:

i. Í 1. dálki bætist við eftirfarandi undirliður:

„— gerprótínkjarnar.“

ii. Í 3. dálki bætist við eftirfarandi texti:

„Við meðhöndlun á musti og á hvítvíni og rósavíni skulu mörkin vegna notkunar á gerprótínkjarna vera 30 g/hl og við meðhöndlun á rauðvíni skulu þau vera 60 g/hl“,

b) Í 40. línu komi eftirfarandi texti í staðinn fyrir vinfraðilegu vinnsluáðferðina í 1. dálki:

„Leiðrétting á alkóhólinnihaldi vins“,

c) Eftirfarandi línur bætist við:

„48	Sýring með meðhöndlun með plúsjónaskiptum	Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í C- og D-lið XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og 11. og 13. gr. þessarar reglugerðar. Samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 15. viðbæti.	
49	Minnkun á sykurnihaldi musts með himnutengingum (e. <i>membrane coupling</i> )	Fyrir afurðirnar sem skilgreindar eru í 10. lið XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 16. viðbæti.	
50	Afsýring með rafhimnumeðhöndlun	Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í C- og D-lið XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og 11. og 13. gr. þessarar reglugerðar. Samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 17. viðbæti.“	

2) Í stað 10. viðbætis komi eftirfarandi:

„10. viðbætur

**Kröfur varðandi meðhöndlun til að leiðrétta alkóhólinnihald vins**

Markmiðið með meðhöndlun til að leiðrétta alkóhólinnihald vins (meðhöndlunin) er að draga úr umframmagni etanóls í víni til að bæta bragðjafnvægi.

Kröfur:

- 1) Markmiðunum má ná með einni aðskiljunartækni eða fleiri sem beitt er aðskilið eða saman.
- 2) Vínin sem eru meðhöndluð mega ekki vera með skynmatsgalla og verða að henta til beinnar neyslu.
- 3) Ekki má fjarlægja allan vínanda úr víni ef einni af aðgerðunum til auðgunar, sem mælt er fyrir um í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, var beitt að því er varðar eina af vínaferðunum sem notaðar voru til að framleiða umrætt vín.

- 4) Skerðing alkóhólstyrkleika má ekki vera meiri en 20% og raunverulegur alkóhólstyrkleiki lokaafurðarinnar miðað við rúmmál verður að vera í samræmi við skilgreininguna í a-lið annarrar undirgreinar 1. liðar XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.
  - 5) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.
  - 6) Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 185. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.
  - 7) Aðildarríkin geta krafist þess að þessi meðhöndlun sé tilkynnt fyrirfram til lögbærra yfirvalda.“
- 3) Í stað þriðja og fjórða undirliðar 14. viðbætur komi eftirfarandi:

„— Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni. Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 185. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

— Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 (\*) og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Þær skulu vera í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gefur út.

(\*) Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.“

- 4) Eftirfarandi 15., 16. og 17. viðbætur bætist við:

„15. viðbætur

#### **Kröfur varðandi sýringu með meðhöndlun með plúsjónaskiptum**

Markmiðið með meðhöndlun með plúsjónaskiptum (meðhöndlunin) er að auka títranlegt sýruinnihald og raunverulegt sýruinnihald (minnkun á sýrustigi) með efnislegum útdrætti á plúsjónum að hluta til, með plúsjónaskipti.

Kröfur:

- 1) Meðhöndlunin skal fara fram með plúsjónaskiptaresinum sem eru endurgerð í sýruhringnum.
- 2) Meðhöndlunin skal takmarkast við að fjarlægja umframmagn plúsjóna.
- 3) Til að forðast að til verði must- eða vínþættir skal meðhöndlunin vera stöðug og meðhöndluðu afurðunum skal blandað saman við upprunalegu afurðirnar í framleiðsluferlinu.
- 4) Til vara er hægt að setja resínið beint út í tankinn í því magni sem þarf og það síðan skilið frá með viðeigandi tæknilegri aðferð.
- 5) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með öllum aðgerðum.
- 6) Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 185. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.
- 7) Plúsjónaresíni, sem notuð eru, verða að samræmast kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1935/2004, ákvæðum ESB og landsbundnum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þeirra og greiningarkröfunum sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við þennan viðauka. Notkun þeirra má ekki valda verulegum breytingum á eðlis- og efnafræðilegri samsetningu mustsins eða vinsins eða skynmatseinkennum þess og verður hún að samræmast gildunum sem sett eru fram í 3. lið greinargerðar um plúsjónaskiptaresin (e. *Cation-exchange resins*) í Alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gaf út.

## 16. viðbætur

**Kröfur varðandi meðhöndlun til að draga úr sykurinnihaldi musts með himnutengingu**

Markmiðið með meðhöndlun til að draga úr sykurinnihaldi (meðhöndlunin) er að fjarlægja sykur úr musti með himnutengingu sem tengir smásíun (e. *microfiltration*) eða örsíun (e. *ultrafiltration*) við nanósíun eða himnusíun.

Kröfur:

- 1) Meðhöndlunin framkallar minnkun á rúmmáli sem ræðst af sykurinnihaldinu í sykurlausninni sem er fjarlægð úr upphaflega mustinu.
- 2) Í ferlinu verður innihald efnisþátta í mustinu, annarra en sykurs, að haldast óbreytt.
- 3) Minnkun á sykurinnihaldi musts útilokar leiðréttingu á alkóhólinnihaldi vína sem eru fengin úr því.
- 4) Ekki skal nota meðhöndlunina samhliða einni af auðgunaraðgerðunum sem kveðið er á um í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.
- 5) Meðhöndlunin er gerð á magni musts sem er ákvarðað sem hlutfall af því markmiði um minnkun sykurinnihalds sem sóst er eftir.
- 6) Markmiðið með fyrsta stiginu er að gera mustið tilbúið fyrir næsta stig þykkingar og til að varðveita þær stórsameindir sem of stórar til að komast gegnum himnuna. Þetta stig má fara fram með örsíun.
- 7) Síuvökvinn sem fæst á fyrsta stigi meðhöndlunarinnar er síðan þykktur með nanósíun eða himnusíun.

Blanda má upprunalega vatninu og lifrænu sýrunum sem skiljast frá, einkum við nanósíunina, aftur saman við meðhöndlaða mustið.

- 8) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.
- 9) Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Þær skulu vera í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gefur út.

## 17. viðbætur

**Kröfur varðandi sýringu með rafhimnumeðhöndlun**

Rafhimnumeðhöndlun (meðhöndlunin) er eðlisræn jónaútdráttaraðferð fyrir must eða vín við rafsvið og með notkun á mínusjónagegndræpum himnum og tvískauta himnum. Notkun á mínusjónagegndræpum himnum og tvískauta himnum gerir kleift að stjórna minnkun á títranlegu sýruinnihaldi og raunverulegu sýruinnihaldi (aukningu á sýrustigi).

Kröfur:

- 1) Koma þarf mínushlöðnu himnunum þannig fyrir einungis mínusjónir séu dregnar út og þá einkum úr lifrænum sýrum í musti og víni.
- 2) Tvískauta himnurnar skulu vera ógagndræpar mínusjónum og plúsjónum úr musti og víni.

- 3) Vín sem fæst úr musti eða sýrðu víni með þessari meðhöndlun skal innihalda a.m.k. 1 g.l<sup>-1</sup> af vínsýru.
- 4) Afsýring með himnu og sýring útiloka hvor aðra.
- 5) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með vinnslunni.
- 6) Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 185. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.
- 7) Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Þær skulu vera í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gefur út.“

---

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum 2. liðar A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi undirliður bætist við d-lið:  
„— vínur frá Ítalíu af tegundinni „aleatico“ sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Pergola“ og hefðbundna heitið „passito“.“
- 2) Í stað sjötta undirliðar í e-lið komi eftirfarandi:  
„— vínur frá Ungverjalandi sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst, í samræmi við ungværsk ákvæði, sem „Tokaji máslás“, „Tokaji fordítás“, „Tokaji aszúeszencia“, „Tokaji eszencia“, „Tokaji aszú“ eða „Töppedt szőlőből készült bor“ eða „Jégbor“.“

---

## III. VIÐAUKI

Í stað þriðju málsgreinar 10. liðar A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009 komi eftirfarandi:

„Heimilt er að nota koltvísýring í tengslum við átöppun með mótþrýstingi undir eftirliti og með því skilyrði að óhjákvæmileg loftskipti með koltvísýringi frá alkóhólgerjuninni í vínlöguninni auki ekki þrýsting koltvísýrings í freyðivíni.“

---

*IV. VIÐAUKI*

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009 falli a- til e-liður B-hluta brott.

---

*V. VIÐAUKI*

Í stað 11. töluliðar b-liðar í lið 1.4 í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 436/2009 komi eftirfarandi:  
„11: alkóhólinnihald afurðarinnar hefur verið leiðrétt,“.

---